



SVAR

Viðtakandi: Flokkur fólksins
Sendandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um stöðu stafrænna verkefna

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins sbr. 37. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita hver er staðan á stafrænum verkefnum er í Græna planinu. Einnig óskar fulltrúinn eftir að fá að vita hvort búið sé að innleiða Office 365 að fullu hjá Reykjavíkurborg? Er búið að flytja miðlara í gagnaver? Er búið að innleiða miðlæga prentaraumsjón allstaðar þar sem henni er viðkomið? Nær upplýsingaöryggisvottun þjónustu og nýsköpunarsviðs til þeirrar forritunar/forritunarvinnu sem keypt er af verkötum? Hvernig er forræði þeirra gagna um nám barna og persónuupplýsingar í Mentor og Völu og þ.h. kerfum háttað?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 13. nóvember 2024

Svar:

1. Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita hver er staðan á stafrænum verkefnum er í Græna planinu

Skrifstofa borgarstjóra- og borgarritara heldur utan um áfangaskýrslur Græna plansins. Seinasta skýrsla var lögð fram á fundi borgarráðs þann 19. desember 2024 sbr. 11. lið [fundargerðar ráðsins](#) s.d.

2. Einnig óskar fulltrúinn eftir að fá að vita hvort búið sé að innleiða Office 365 að fullu hjá Reykjavíkurborg.

Verkefninu Innleiðing M365 hjá Reykjavíkurborgar er að fullu lokið. Að því sögðu þá er M365 svítan í sífelldri þróun, með reglulegum uppfærslum, nýjum eiginleikum og breytingum á notendaviðmóti sem getur haft áhrif á daglega vinnu. Til að tryggja hámarksþægindi á virði leyfanna, hátt öryggisstig og stuðning við skilvirka vinnuferla, er nauðsynlegt að viðhalda þekkingu, fylgjast með breytingum og laga notkunina að nýjum tækifærum.

3. Einnig er spurt hvort það sé búið að flytja miðlara í gagnaver.

Varðandi flutningu miðlara í gagnaver er óljóst um hvað er spurt þar sem spurningin getur átt við mismunandi tæknilega þætti eða kerfi. Til að hægt sé að veita skýrt og rétt svar þarf að fá nánari upplýsingar um hvaða miðlara er átt við, hvaða þjónustu eða kerfi hann tengist og í hvaða samhengi flutningur í gagnaver á sér stað.



4. Jafnframt er spurt hvort búið sé að innleiða miðlæga prentaraumsjón allstaðar þar sem henni er viðkomandi.

Innleiðing nýrrar alþjónustu fyrir prentumhverfi borgarinnar hófst haustið 2024 í samstarfi við Opin kerfi á grundvelli útboðs. Verkefnið felur í sér að yfirfara alla 900 prentara borgarinnar, fækka þeim, endurnýja og færa til fyrir miðlægari notkun. Jafnframt verður sett upp nýtt prentumsjónarkerfi. Áætlað er að innleiðingu verði að fullu lokið á árinu 2026.

5. Spurt er hvort upplýsingaöryggisvottun þjónustu og nýsköpunarsviðs nái til þeirrar forritunar/forritunarvinnu sem keypt er af verktökum.

Skrifstofa upplýsingaþjónustu á þjónustu- og nýsköpunarsviði og starfsemi innan hennar sem snýr að rekstri tækniðumhverfis er með vottun samkvæmt ISO 27001.

Sú vottun nær yfir allt það sem telst vera innan stjórnerkis (UT-innviða) m.a. afurðir sem verða til með aðkeyptri forritunarvinnu.

Vinna við hugbúnaðarþróun getur, á frumstigum, verið unnin utan þess umhverfis sem vottunin nær yfir. Hins vegar er endanleg afurð úr slíkri vinnu alltaf yfirfarin og þarf að mæta kröfum skrifstofunnar til að komast í notkun innan UT- innviða borgarinnar og þá í vottað umhverfi.

6. Að lokum er spurt um hvernig forræði þeirra gagna um nám barna og persónuupplýsingar í Mentor og Völu og þ.h. kerfum er háttað.

Þegar skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (ábyrgðaraðili) kaupir þjónustu af utanaðkomandi aðila, og sú þjónusta felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, þá er m.a. gerður vinnslusamningur við þann aðila sem veitir þjónustuna (vinnsluaðili), á grundvelli 3. mgr. 25. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Til upplýsinga þá er ábyrgðaraðili sá aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 6. tl. 3. gr. persónuverndarlaga, á meðan vinnsluaðili er sá aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 7. tl. 3. gr. sömu laga. Vísað er til kafla IV í persónuverndarlögunum, en hann fjallar um almennar reglur um skyldur ábyrgðaraðila og vinnsluaðila og öryggi persónuupplýsinga.

Skóla- og frístundasvið hefur gert eftirfarandi vinnslusamninga og viðauka við InfoMentor ehf. vegna m.a. Völu kerfanna (Vala leikskóli, Vala frístund og Vala matur) og Mentor:

1. Vinnslusamningur milli Reykjavíkur og InfoMentor vegna Völu kerfanna (Vala leikskóli, Vala frístund og Vala matur) ásamt viðaukum - Undirritaður 19. desember 2024. Viðauki við framangreindan vinnslusamning vegna Völu leikskóla hjá sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík var undirritaður 31. janúar 2025.
2. Vinnslusamningur milli Reykjavíkur og InfoMentor vegna Mentor kerfisins - Undirritaður 28. janúar 2019. Þá hafa verið gerðir ýmsir viðaukar við framangreindan vinnslusamning, þegar við á.

Með vísan til framangreinds er skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborg ábyrgðaraðili persónuupplýsinga sem eru geymdar inni í kerfunum og InfoMentor ehf. er vinnsluaðili þeirra persónuupplýsinga. InfoMentor ehf. er því einungis heimilt að vinna persónuupplýsingar fyrir hönd borgarinnar á grundvelli umræddra vinnslusamninga, og þ.a.l. óheimilt að vinna persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en kemur fram í vinnslusamningum.





F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar Jörgen Sandholt
Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

